

Sp.

34. Fyrirspurnir.

[34. mál]

I. Til fjármálaráðherra um lántökur ríkisins.

Frá Eysteini Jónssyni.

1. Hve mikið er búið að borga inn til íslenskra banka af umsömdu 6 milljón dollara láni í Bandaríkjunum, og hve miklu nemur sú fjárhæð í íslenskum krónum?
2. Hefur ríkisstjórnin ráðstafað nokkru af lánsfé þessu umfram það, sem heimilað var í 22. gr. fjárlaga 1959?
3. Er ríkisstjórnin að leita fyrir sér um nýjar lántökur, og ef svo er, þá hverjar og í hvaða skyni?

II. Til fjármálaráðherra um vörukaupalán í Bandaríkjunum.

Frá Eysteini Jónssyni.

1. Hve mikil vörukaupalán (P.L. 480) hafa verið tekin samtals í Bandaríkjunum og hve mikið á þessu ári?
2. Hve mikið af þessu fé verður til útlána innanlands?
3. Hve mikið er búið að lána út innanlands og hverjum?
4. Hvað er áætlað, að þessi vörukaupalán muni nema miklu til ársloka og á næsta ári, og hvað verður til ráðstöfunar innanlands?
5. Hyggst ríkisstjórnin leggja fyrir Alþingi fyrirætlanir sínar um ráðstöfun þessa lánsfjár innanlands?

III. Til viðskiptamálaráðherra um lántökur erlendis.

Frá Eysteini Jónssyni.

1. Hve mikið fé hefur nú verið tekið að láni hjá Evrópusjóðnum og með hvaða skilmála um endurgreiðslu?
2. Hve mikið hefur verið tekið að láni hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og með hvaða kjörum?
3. Hverjar lántökur opinberra aðila hafa verið leyfðar á þessu ári af bönkum og ríkisstjórn?
4. Hve miklu nema þær lántökur einkaaðila samtals, sem leyfðar hafa verið á þessu ári af ríkisstjórn og bönkum?